

Sp.

280. Svar

[81. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um kostnað við kaup og endurbætur á Víðishúsinu.

Kostnaður af kaupum og endurbótum.

1.1. Kaupverð alls hússins nam upphaflega 259 millj. gkr. Er það jafnvirði 40 485 þús. kr. á verðlagi í október 1985.

1.2. Kostnaður færður beint á ríkissjóð vegna endurbóta nemur nú um 15 228 þús. kr. Meðtalið í endurbótum er hreinsun hússins að innan, uppsetning vinnupalla, nýtt þak og nýir gluggar. Enn fremur hita- og rafmagnskostnaður, svo og fasteignagjöld sem færast á stofnkostnað (endurbætur) svo lengi sem húsið er ekki tilbúið til notkunar.

Rétt þykir að geta þess að við útreikning á ofangreindum kostnaðarliðum er gengið út frá meðaltali byggingarvísitölu hvers árs frá 1978, nema fyrir árið 1985 en þá er miðað við vísitölu júnímánaðar.

Samkvæmt upplýsingum Námsgagnastofnunar nemur kostnaður hennar við endurbætur og innréttingar um 4 062 þús. kr. Samtals nemur því kostnaður við endurbætur og innréttingar 19 290 þús. kr.

1.3. Við kaupin gaf ríkissjóður út skuldabréf samtals að fjárhæð 1 690 þús. kr. Vaxtagjöld vegna þessarar lántöku námu alls á árunum 1979 til og með 1983 um 503 þús. kr. eða um 3 417 þús. kr. miðað við sömu reikningsaðferð og í lið 1.2.

Áætlaður kostnaður við að ljúka endurbótum og innréttingu.

2. Kostnaður við lokafrágang hefur verið áætlaður 145 200 þús. kr. miðað við byggingarvísitölu 236 eða um 140 895 þús. kr. á verðlagi í október 1985 (byggingarvísitala 229 stig).